

## Viljayfirlýsing

Á undanförnum áratugum hefur kosningaþátttaka í kosningum á Íslandi farið minnkandi, og þá sérstaklega í sveitarstjórnarkosningum. Á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa farið fram umræður um hvernig hægt sé að bregðast við þessari þróun og snúa henni við. M.a. hefur verið horft til annarra norrænna ríkja en þar hefur kosningaþátttaka einnig breyst til hins verra. Þar hafa verið gerðar tilraunir með aukið aðgengi að utankjörfundaratzkvæðagreiðslu með ýmsum hætti. Þær tilraunir eru sagðar hafa aukið kosningaþátttökumerkjanlega.

Í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2014–2018 segir m.a.:

Sambandið skal beita sér fyrir því að rannsóknir á kjörsókn við sveitarstjórnarkosningar verði efldar og afla upplýsinga um til hvaða ráða aðrar þjóðir hafa gripið til þess að auka kjörsókn. Niðurstöður verði nýttar til þess að auka umræður á sveitarstjórnarstigi um leiðir og tækifæri til þess að veikja áhuga fólkis á kosningum til sveitarstjórnar. Niðurstöðurnar verði jafnframt nýttar til mats á hvort tilefni sé til að breyta dagsetningu sveitarstjórnarkosninga og **fyrirkomulagi utankjörfundaratzkvæðagreiðslu og aðgengi að henni**.

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga og fulltrúar sýslumanna á Íslandi hafa rætt um hvernig auka megi aðgengi að utankjörfundaratzkvæðagreiðslu. Hafa aðilar orðið ásáttir um að gera tilraun með aukið aðgengi að utankjörfundaratzkvæðagreiðslu við forsetakosningar 2016 með vísan til ákvæða í 58. gr. laga um kosningar til Alþingis þar sem segir m.a. í a-lið greinarinnar, að sýslumenn geti ráðið sérstaka trúnaðarmenn til þess að annast störf kjörstjóra við utankjörfundaratzkvæðagreiðslu.

Tilraunin byggir á því að þau sveitarfélög, sem áhuga hafa á að taka þátt í tilrauninni og vilja auka þjónustu við fbúa, geti óskað eftir því að sýslumaður í viðkomandi umdæmi skip skipi ákveðinn starfsmann eða starfsmenn viðkomandi sveitarfélags sem kjörstjóra. Annaðhvort getur verið um að ræða núverandi starfsmann sveitarfélags, sem sinnir þessu verkefni með öðrum verkefnum eða er tímabundið færður til í starfi, eða einstakling sem er sérstaklega ráðinn til starfans. Jafnframt leggur sveitarfélag til viðunandi húsnaði þar sem utankjörfundaratzkvæðagreiðsla fari fram í sveitarféluginu. Sveitarfélögin beri sjálf kostnað af starfsmanni og húsnaði, en sýslumenn sjá um kostnað við aðra þætti sem snúa að framkvæmd utankjörfundaratzkvæðagreiðslunnar og útvega kjörgögn. Viðkomandi trúnaðarmaður lýtur stjórn sýslumanns við framkvæmd utankjörfundaratzkvæðagreiðslunnar og þarf trúnaðarmaðurinn að undirrita sérstaka drengskaparyfirlýsingu áður en atkvæðagreiðslan hefst.

Samband íslenskra sveitarfélaga mun kynna málið fyrir sveitarfélögum og leiðbeina þeim við undirbúning umsóknar.

Sýslumenn veita allar nánari upplýsingar og hafa alla ábyrgð á framkvæmdinni á sinni hendi.

Reykjavík 18. apríl 2016

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga

Tom J. Þím  
Ragnar Karl Hannesson

F.h. sýslumanna

Pállur K. Þórður